

Nd.

## **22. Frumvarp**

til laga um breytingu á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurborg frá 11. júlí 1911.

Flutningsmaður: Jón Jónsson, 2. þm. Reykvíkinga.

6. gr. 2. málslíður í hafnarlögum fyrir Reykjavíkurborg orðist svo:

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, borgarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, 2 bæjarfulltrúar og 2 utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.